

# Stefna um bestu framkvæmd



## 1. Almenn atriði

- 1.1. Stefna þessi er sett á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (hér eftir „lögin“ eða „lmf.“) og reglna sem þau veita lagagildi eða eru settar á grundvelli þeirra, einkum 5. þáttar reglugerðar (ESB) 2017/565.
- 1.2. Með stefnu um bestu framkvæmd viðskipta leitast Fossar fjárfestingarbanki hf. (hér eftir „Fossar“ eða „bankinn“) við að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína við framkvæmd og miðlun fyrirmæla og við veitingu eignarstýringarþjónustu.
- 1.3. Með stefnunni leitast bankinn einnig við að tryggja skjóta og sanngjarna framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina samanborið við fyrirmæli annarra viðskiptavina og viðskiptahagsmuni bankans.
- 1.4. Stefnan gildir, eftir því sem við á, þegar bankinn (i) framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina vegna viðskipta með fjármálagerninga, (ii) miðlar fyrirmælum viðskiptavina vegna viðskipta með fjármálagerninga eða (iii) annast eignastýringu fyrir hönd viðskiptavinar. Stefnan gildir jafnt um alla framangreinda þjónustubætti og um mismunandi flokka fjármálagerninga, eins og við getur átt. Eðli málsins samkvæmt getur þó verið blæbrigðamunur á framkvæmdinni eftir því hvers kyns fjármálagerning eða tegund þjónustu um ræðir hverju sinni.
- 1.5. Stefnan gildir gagnvart almennum fjárfestum og fagfjárfestum. Stefnan gildir aðeins um viðurkennda gagnaðila hafi þeir sérstaklega óskað eftir því, sbr. 1. og 2. mgr. 51. gr. lmf.
- 1.6. Í stefnu þessari skal hugtakið *viðskiptastaður* þýða skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg eða innmiðlari, viðskiptavaki eða annar aðili sem tryggir seljanleika, sbr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/565. Önnur hugtök skulu hafa sömu þýðingu og fram kemur í lögnum.

## 2. Besta framkvæmd fyrirmæla

- 2.1. Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla metur bankinn vægi ólíkra þátta sem geta haft áhrif á verðmyndun eða aðra þætti viðskiptanna, sem eru háðir framkvæmd þeirra af hálfu bankans, með það að markmiði að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu viðskiptavina. Þeir þættir sem koma til skoðunar eru:
  - 2.1.1. verð,
  - 2.1.2. kostnaður,



- 2.1.3. hraði,
  - 2.1.4. líkur á því að af viðskiptum og uppgjöri verði,
  - 2.1.5. umfang viðskipta,
  - 2.1.6. eðli viðskipta, og
  - 2.1.7. aðrir þættir sem geta komið til skoðunar við framkvæmd viðskipta.
- 2.2. Fossar meta hlutfallslegt vægi ofangreindra þátta út frá eftirfarandi viðmiðum:
- 2.2.1. eiginleikum viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir,
  - 2.2.2. eiginleikum fyrirmæla viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort þau fela í sér fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
  - 2.2.3. eiginleikum þeirra fjármálagerna sem eru efni fyrirmællanna,
  - 2.2.4. eiginleikum þeirra viðskiptastaða sem unnt er að senda fyrirmælin til.
- 2.3. Þegar Fossar framkvæma fyrirmæli fyrir hönd almenns fjárfestis skal ákvarða bestu mögulegu niðurstöðu út frá heildargreiðslu, þ.e. verðs fjármálagernings auk kostnaðar við framkvæmd. Innifalinn skal allur kostnaður viðskiptavinar sem er beinlínis tengdur framkvæmd fyrirmæla, þ.m.t. þóknarir.
- 2.4. Þegar bankinn sjálfur framkvæmir ekki fyrirmæli heldur sendir fyrirmæli til annarra aðila skal starfsfólk Fossa huga sérstaklega að því að þjóna hagsmunum viðskiptavina sem best og tryggja að farið sé eftir þessari stefnu.

### 3. Um framkvæmd fyrirmæla

#### *Almennt um framkvæmd fyrirmæla*

- 3.1. Þegar Fossar sinna framkvæmd viðskiptavina skal starfsfólk bankans tryggja að:
- 3.1.1. fyrirmæli sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavina séu skráð og þeim úthlutað án tafar og af nákvæmni;
  - 3.1.2. fyrirmæli viðskiptavina, sem eru sambærileg, verði framkvæmd í þeirri röð sem þau berast og án tafar nema það sé ógerlegt vegna eðlis fyrirmællanna eða ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir viðskiptavinarins krefjast þess; og
  - 3.1.3. að almennum fjárfesti verði tilkynnt um öll veruleg vandkvæði sem varða tilhlýðilega framkvæmd fyrirmæla um leið og þess vandkvæði koma í ljós.
- 3.2. Mæli viðskiptavinur sérstaklega fyrir um tiltekna framkvæmd fylgir bankinn fyrirmælum hans.
- 3.3. Fossar áskilja sér rétt til að hafna viðskiptafyrirmælum, t.a.m. ef bankinn telur viðskiptin ekki hæfa viðkomandi viðskiptavin, vegna gruns um markaðssvik og ef fyrirmæli eru ófullnægjandi.
- 3.4. Þegar bankinn hefur umsjón með eða kemur í kring uppgjöri eftir framkvæmd fyrirmæla skal það gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningur viðskiptavinar eða



fjármunir viðskiptavinar sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þeirra fyrirmæla séu án tafar og með viðeigandi hætti lagðir inn á reikning viðkomandi viðskiptavinar.

- 3.5. Starfsfólk Fossa skal ekki misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar og bankinn gerir allar eðlilegar ráðstafanir til að hindra að starfsfólk og aðrir þeir er starfa á vegum bankans misnoti slíkar upplýsingar.
- 3.6. Til að ná fram bestu niðurstöðu hverju sinni kann viðskiptabeiðnum viðskiptavina að vera safnað saman með öðrum fyrirmælum sem berast bankanum.
- 3.7. Bankinn getur ákveðið að sameina viðskiptafyrirmæli viðskiptavina í þeim tilgangi að þjóna hagsmunum viðskiptavina. Að sama skapi getur bankinn sameinað viðskiptafyrirmæli viðskiptavina og viðskipti fyrir eigin reikning bankans. Bankinn framkvæmir ekki fyrirmæli viðskiptavinar eða viðskipti fyrir eigin reikning með því að safna þeim saman með öðrum fyrirmælum viðskiptavinar nema að ólíklegt sé að viðkomandi samsöfnun fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð nokkrum viðskiptavini sem fyrirmæli sem setja á í safnið tilheyra. **Viðskiptavinir skulu hafa í huga að áhrif samsöfnunar geta reynst þeim óhagstæð að því er varðar tiltekin fyrirmæli.**
- 3.8. Þegar samsöfnuð fyrirmæli hafa verið framkvæmd er meginreglan sú að viðskiptum sé úthlutað þannig að viðskiptavinir fái úthlutað hlutfallslega í samræmi við viðskiptafyrirmæli sín og á því meðalverði sem náðist við framkvæmd fyrirmælanna. Sama gildir í þeim tilvikum þar sem aðeins næst að framkvæma samsöfnuð fyrirmæli að hluta. Fossar framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þessa stefnu og leita allra leiða við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína með tilliti til viðeigandi þátta.
- 3.9. Safni bankinn saman fyrirmælum viðskiptavinar með viðskiptum fyrir eigin reikning og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta skal bankinn úthluta tengdu viðskiptunum til viðskiptavinarins þannig að hann njóti forgangs yfir bankann. Geti bankinn sýnt fram á það með rökum að án samsöfnunarinnar hefði honum verið ókleift að framkvæma fyrirmælin á svo hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, er honum heimilt að úthluta viðskiptunum fyrir eigin reikning hlutfallslega í samræmi við ofangreint.

#### *Framkvæmd fyrirmæla á viðskiptastað*

- 3.10. Ef hægt er að framkvæma fyrirmæli á fleiri en einum viðskiptastað, skal bankinn meta og bera saman þá niðurstöðu sem hægt væri að ná fyrir viðskiptavin á sérhverjum viðskiptastað. Í matinu skal tekið tillit til þóknana bankans sjálfs og þess kostnaðar sem hlýst af framkvæmd fyrirmæla á hverjum viðskiptastað fyrir sig.
- 3.11. Fossar munu hverju sinni leitast við að velja þá tegund viðskiptastaða sem eru líklegastir til að tryggja bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini í samræmi við stefnu þessa. Þegar fleiri en einn viðskiptastaður kemur til greina munu Fossar meta og bera saman þann árangur sem líklegt er að unnt verði að ná fyrir viðskiptavini.



- 3.12. Þjóði bankinn viðskiptavini að velja viðskiptastað skal veita sanngjarnar, skýrar og ekki villandi upplýsingar til að koma í veg fyrir að viðskiptavinir velji einn viðskiptastað umfram annan eingöngu á grundvelli þeirrar verðstefnu sem bankinn beitir.
- 3.13. Þegar viðskiptavinur gefur skilyrt fyrirmæli vegna hlutabréfa sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi sem, vegna markaðsaðstæðna, er ekki hægt að framkvæma jafn skjótt og þau berast, skal bankinn leitast við að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis þannig að þau séu aðgengileg öðrum markaðsaðilum. Bankinn getur sinnt þessari skyldu sinni með miðlun fyrirmælanna til viðskiptastaðar. Bankanum er þó heimilt að taka ákvörðun um að birta ekki skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar opinberlega hafi hann samþykkt það.
- 3.14. Fossar taka ekki við endurgjaldi, afslætti eða ófjárhagslegum ávinningi fyrir að beina fyrirmælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptavettvangs eða viðskiptastaðar, sem væri andstætt reglum Fossa um hagsmunaaðrekstra eða lögum.
- 3.15. Fossar skipta ekki umboðslaunum sínum eða innheimta þau á þann hátt að það leiði til ósanngjarnar mismunar milli viðskiptastaða.

#### *Framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan viðskiptastaðar*

- 3.16. Bankinn getur ákvarðað að nauðsynlegt sé, til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, að framkvæma fyrirmælin utan viðskiptastaða.
- 3.17. Lögum samkvæmt er Fossum skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrir fram ef að viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Með því að samþykkja stefnu þessa staðfestir viðskiptavinur að hann hafi verið upplýstur um framangreint og að Fossum sé heimilt að framkvæma viðskipti utan viðskiptavettvangs, í undantekningartilvikum, telji bankinn það nauðsynlegt til að viðskipti nái fram að ganga.
- 3.18. Þegar fyrirmæli eru framkvæmd eða ákvörðun er tekin um að eiga viðskipti með afurðir utan viðskiptavettvangs, þ.m.t. sérsniðnar afurðir, skal bankinn kanna sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavininn með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð slíkra afurða og, þegar unnt er, gera samanburð við svipaðar eða sambærilegar afurðir.

## **4. Sérstök fyrirmæla viðskiptavina**

- 4.1. Mæli viðskiptavinur fyrir um sérstaka framkvæmd eða ákveðna framkvæmd viðskipta en mælt er fyrir um í þessari stefnu skal bankinn leitast við að framkvæma fyrirmæli hans í samræmi við það. Bankinn telst þar með uppfylla skuldbindingu sína um að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini, að því marki sem hann framkvæmir fyrirmæli eða tiltekinn þátt þeirra samkvæmt sérstökum fyrirmælum viðskiptavinar.



- 4.2. Viðskiptavinur skal vera meðvitaður um að sérstök fyrirmæli kunni að koma í veg fyrir bestu mögulegu niðurstöðu. Með því að samþykkja stefnu þessa staðfestir viðskiptavinur að honum sé kunnugt um möguleg neikvæð áhrif séstakra fyrirmæla.

## 5. Upplýsingagjöf

- 5.1. Árlega birta Fossar opinberlega, fyrir hvern flokk fjármálagerna, yfirlit yfir fimm helstu viðskiptastaði með tillit til umfangs viðskipta síðastliðið ár og upplýsingar um gæði framkvæmdar.
- 5.2. Gjöld vegna framkvæmdar fyrirmæla kunna að vera mismunandi eftir því hvar viðskiptin eru framkvæmd, og um það vísast til gjaldskrár sem er ávallt aðgengileg á heimasíðu félagsins [www.fossar.is](http://www.fossar.is)
- 5.3. Leggi viðskiptavinur fram réttmætar og hæfilegar beiðnir til Fossa um upplýsingar um stefnur og fyrirkomulag bankans, um hvernig endurskoðun þess fer fram eða um aðila sem fyrirmæli eru send til eða lögð fram hjá skulu Fossar svara með skýrum hætti innan hæfilegs frests.
- 5.4. Í kjölfar viðskipta skal upplýsa viðskiptavin um hvar viðskiptin voru framkvæmd.
- 5.5. Þegar bankinn hefur framkvæmt fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar, önnur en um eignastýringu, skal það eins fljótt og auðið er veita viðskiptavininum helstu upplýsingar um viðskiptin og senda honum tilkynningu til staðfestingar þeirra.

## 6. Eftirlit og endurskoðun

- 6.1. Fossar munu hafa reglulegt eftirlit með skilvirkni þessarar stefnu, og sérstaklega gæðum framkvæmdar hjá þeim aðilum sem Fossar framkvæma viðskipti sín hjá. Regluvörður skal hafa eftirlit með skilvirkni og framkvæmd stefnunnar, greina annmarka og fylgja úrbótum eftir.
- 6.2. Fossar skulu ávallt geta sýnt fram á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd fyrir hönd bankans í samræmi við stefnuna.
- 6.3. Stefnan og fyrirkomulag hennar skal endurskoða árlega. Auk þess skal endurskoðun fara fram ef veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu bankans til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir viðskiptavini sína. Í þessu samhengi merkir veruleg breyting mikilvægur atburður sem gæti haft áhrif á viðmið um bestu framkvæmd.
- 6.4. Nýjasta útgáfa stefnunnar á hverjum tíma skal vera aðgengileg á vefsíðu bankans, [www.fossar.is](http://www.fossar.is).

## 7. Breytingar og gildistaka



- 7.1. Breytingar á þessari stefnu verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Fossa markaða hf. 15. maí 2015

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa fjárfestingarbanka þann 9. apríl 2024